# Sunnudagur 8. október



## SJÓNVARPIÐ

13.00 **Fræðsluvarp. Endurflutningur.** 1. Þýskukennsla fyrir byrjendur. 2. Lengi býr að fyrstu gerð. 3. Upp úr hjólförunum. 4. Umræðan – Mótun kynjanna.
16.10 **Bestu tónlistarmyndböndin 1989** (MTV Music Awards 1989). Bandarískur þáttur um veitingu verðlauna fyrir bestu tónlistarmyndböndin. Meðal þeirra sem koma fram eru Madonna, Michael Jackson, Cher, Five Young Cannibals o.fl. o. fl. Þýðandi Veturliði Guðnason.
17.50 **Sunnudagshugvekja.** Þórunn Magnea Magnúsdóttir leikari.
18.00 **Sumarglugginn.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Brauðstrit** (Bread). Breskur gamanmyndaflokkur um breska fjölskyldu sem lifir góðu lífi þrátt fyrir atvinnuleysi og þrengingar. Þýðandi Ólöf Pétursdóttir.
19.30 **Kastljós á sunnudegi.** Fréttir og fréttaskýringar.
20.30 **Kvikmyndahátíð 1989.** Umsjón Hilmar Oddsson og Friðrik Þór Friðriksson.
20.40 **Kvenskörungur í Kentucky** (Bluegrass). Fyrri hluti. Bandarísk sjónvarpsmynd í tveimur hlutum. Leikstjóri Simon Wincer. Aðalhlutverk Cheryl Ladd, Mickey Rooney, Wayne Rogers og Brian Kervin. Ung og metnaðarfull kona kemur á heimaslóðir til að setja á stofn hrossaræktarstöð. Hún er ekki vel séð á þessum slóðum og þarf að hafa sig alla við til að standast samkeppnina. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
22.10 **Fólkið í landinu.** – Mjöll Snæsdóttir og uppgröfturinn á Stóru Borg. Umsjón Sonja B. Jónsdóttir.
22.30 **Leikfélagið kveður Iðnó.** Mynd gerð í tilefni þess að nú hefur Leikfélag Reykjavíkur flutt í Borgarleikhúsið. Rakin er saga Leikfélagsins frá upphafi og Iðnós, sem hefur verið óaðskiljanlegur hluti félagsins til þessa. Umsjón Illugi Jökulsson. Dagskrárgerð Þorgeir Gunnarsson.
23.20 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

9.00 **Gúmmíbirnir.** Teiknimynd.
9.25 **Furðubúarnir.** Falleg teiknimynd með íslensku tali.
9.50 **Selurinn Snorri.** Teiknimynd með íslensku tali um ævintýri selsins Snorra og vina hans.
10.05 **Litli folinn og félagar.** Vönduð teiknimynd með íslensku tali.
10.30 **Draugabanar.** Spennandi teiknimynd.
10.55 **Þrumukettir.** Teiknimynd.
11.20 **Köngullóarmaðurinn.** Teiknimynd.
11.40 **Tinna.** Bráðskemmtileg leikin barnamynd.
12.10 **Karatestrákurinn.** The Karate Kid. Barna- og fjölskyldumynd sem segir frá ungum aðkomudreng í Kaliforníu sem á undir högg að sækja. Gæfan brosir þó við honum þegar hann kynnist japönskum manni sem kennir honum að bea virðingu fyrir sjálfum sér og hvernig hann geti beitt hinni göfugu sjálfsvarnarlist, karate, ef í harðbakkann slær. Aðalhlutverk: Ralph Macchio, Noriyuki'Par'Morita, Elizabeth Shue og Martin Kove.
14.15 **Undir regnboganum.** Chasing Rainbows. Kanadískur framhaldsmyndaflokkur í sjö hlutum. Þriðji þáttur endurtekinn frá síðastliðnu þriðjudagskvöldi. Aðalhlutverk: Paul Gross, Michael Riley, Julie A. Stewart og Booth Savage.
15.55 **Frakkland nútímans.** Aujourd'hui en France. Í þessum þætti verður fjallað um smíði fullkomnustu neðanjarðarsamgönguleiðar en áætlað er að fyrstu 100 kílómetrunum verði lokið árið 2000.
16.25 **Heimshornarokk.** Big World Café. Tónlistarþættir þar sem sýnt er frá hljómleikum þekktra hljómsveita.
17.20 **Mannslíkaminn.** Living Body. Vandaðir þættir um mannslíkamann. Endurtekið.
17.50 **Kettir og húsbændur.** Katzen Wandler auf Traumpfaden. Þýsk fræðslu- og heimildamynd um köttinn. Fyrir nokkrum öldum tókst manninum að temja köttinn og gera hann að húsdýri. Í dag eru um það bil 3,6 milljónir heimila í Þýskalandi með ketti og eykst stöðugt ásóknin í þá.
18.15 **Golf.** Sýnt verður frá alþjóðlegum stórmótum.
19.19 **19:19.** Fréttir, íþróttir, veður og umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Landsleikur.** Bæirnir bitast. Ómar Ragnarsson, leggur land undir fót með fríðu föruneyti. Í hverjum þætti keppa tveir kaupstaðir í spurningahluta þáttarins, skemmtiatriði verða frá landshlutunum og brugðið verður upp svipmyndum af fólki og staðháttum.
21.05 **Svaðilfarir í Suðurhöfum.**
21.55 **Hercule Poirot.** Honum bregst ekki bogalistin í kvöld fremur en endranær og fæst við mjög dularfullt sakamál. Aðalhlutverk: David Suchet og Hugh Frase.
22.45 **Verðir laganna.** Hill Street Blues. Spennuþættir um líf og störf á lögreglustöð í Bandaríkjunum. Aðalhluverk: Michael Conrad, Daniel Travanti og Veronica Hamel.
23.30 **Morðleikur.** Tag – the Assasination Game. Háskólastúdentar í Bandaríkjunum uppgötva nýjan og spennandi leik; morðleikinn. Allt sem þarf er leikfangabyssa með sogskál í stað kúlu og að skjóta áður en maður verður skotinn. Aðalhlutverk: Robet Carradine og Linda Hamilton. Bönnuð börnum.
0.55 **Dagskrárlok.**

## Rás I FM 92,4/93,5

8.00 **Fréttir.**
8.07 **Morgunandakt.** Séra Baldur Vilhelmsson, prófastur í Vatnsfirði við Djúp, flytur ritningarorð og bæn.
8.15 **Veðurfregnir.** Dagskrá.
8.30 **Á sunnudagsmorgni** með Áslaugu Brynjólfsdóttur fræðslustjóra. Bernharður Guðmundsson ræðir við hana um guðspjall dagsins, Matteus 21, 28–32.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Tónlist á sunnudagsmorgni** – Telemann, Haydn, Corcellio.
10.00 **Fréttir.**
10.03 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í útvarpinu.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.25 **Í fjarlægð.** Jónas Jónasson hittir að máli Íslendinga sem hafa búið lengi á Norðurlöndum, að þessu sinni Sigríði G. Wilhelmsen í Drammen. (Einnig útvarpað á þriðjudag kl. 15.03.)
11.00 **Messa í Digranesskóla.** Prestur: Séra Kristján E. Þorvarðarson.
12.10 **Á dagskrá.** Litið yfir dagskrá sunnudagsins í útvarpinu.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.00 **Hádegisstund í Útvarpshúsinu.** Ævar Kjartansson tekur á móti sunnudagsgestum.
14.00 **Handan storms og strauma.** Dagskrá um skáldið Jakob Jóhannesson Smára í aldarminningu hans. Gunnar Stefánsson tók saman. Gils Guðmundsson segir frá kynnum sínum af skáldinu.
14.50 **Með sunnudagskaffinu.** Sígild tónlist af léttara taginu.
15.10 **Í góðu tómi** með Hönnu G. Sigurðardóttur.
16.00 **Fréttir.**
16.05 **Á dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.30 **Framhaldsleikrit barna og unglinga:** Heiða eftir Jóhönnu Spyri. Kari Borg Mannsaker bjó til flutnings í útvarpi. Annar þáttur af fjórum. Þýðandi: Hulda Valtýsdóttir. Sögumaður og leikstjóri: Gísli Halldórsson. Leikendur: Ragnheiður Steindórsdóttir, Laufey Eiríksdóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Guðmundur Pálsson, Bergljót Stefánsdóttir, Karl Sigurðsson, Halldór Gíslason, Jón Aðils og Jónína M. Ólafsdóttir. (Áður útvarpað 1964.)
17.10 **Symphonie Fantastique op.** 14 eftir Hector Berlioz . The London Classical Players leika; Roger Norrington stjórnar.
18.10 **Rimsírams.** Guðmundur Andri Thorsson rabbar við hlustendur. (Einnig útvarpað daginn eftir kl. 15.03.)
18.30 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.31 **Ábætir.** ●Stephane Grappelli og Hubert Rostaing leika með Django Reinhardt og Hot Club de France kvintettinn. ●Ella Fitzgerald syngur tvö blúslög.
20.00 **Á þeysireið um Bandaríkin.** Umsjón: Bryndís Víglundsdóttir.
20.15 **Íslensk tónlist.**
21.00 **Húsin í fjörunni.** Umsjón: Hilda Torfadóttir. (Frá Akureyri.) (Endurtekinn þáttur frá liðnu sumri.)
21.30 **Útvarpssagan:** Lukku-Svíi eftir Martin Andersen Nexø. Elías Mar les þýðingu sína (3.)
22.00 **Fréttir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Tónlistarlíf á Norðurlandi.** Þórarinn Stefánsson ræðir við tónlistarfólk fyrir norðan og kynnir tónlistarlífið þar.
23.00 **Frjálsar hendur.** Illugi Jökulsson sér um þáttinn.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn Samhljómsþáttur frá föstudagsmorgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**

## Rás 2 FM 90,1

9.03 **Sunnudagsmorgunn með Svavari Gests.** Sígild dægurlög, fróðleiksmolar, spurningaleikur og leitað fanga í segulbandasafni Útvarpsins.
11.00 **Úrval.** Úr dægurmálaútvarpi vikunnar á Rás 2.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Tónlist.** Auglýsingar.
13.00 **Grænu blökkukonurnar og aðrir Frakkar.** Skúli Helgason kynnir nýja tónlist frá Frakklandi. (Einnig útvarpað aðfaranótt föstudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
14.00 **Spilakassinn.** Getraunaleikur Rásar 2. Umsjón: Jón Gröndal. Dómari Adolf H. Petersen.
16.05 **Slægur fer gaur með gígju.** Magnús Þór Jónsson rekur feril trúbadúrsins Bobs Dylan. Lokaþáttur. (Einnig útvarpað aðfaranótt fimmtudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
17.00 **Tengja.** Kristján Sigurjónsson tengir saman lög úr ýmsum áttum. (Frá Akureyri.)
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.31 **Blítt og létt. . .** Gyða Dröfn Tryggvadóttir rabbar við sjómenn og leikur óskalög. (Einnig útvarpað kl. 1.00 næstu nótt á nýrri vakt.)
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Hlynur Hallsson og norðlenskir unglingar.
22.07 **Klippt og skorið.** Dagskrárgerðarmenn á Rás 2 taka saman syrpu úr kvölddagskrá Rásar 2 liðna viku.
0.10 **Í háttinn.**
2.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 8.00, 9.00. 10.00, 12.20, 16.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

**NÆTURÚTVARP**
1.00 **Blítt og létt. . .** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur.
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason. (Endurtekinn frá þriðjudagskvöldi á Rás 1.)
3.00 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Undir værðarvoð.** Ljúf lög undir morgun.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá föstudegi á Rás 1.)
5.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
5.01 **Suður um höfin.** Lög af suðrænum slóðum.
6.00 **Fréttir af veðri,** færð og flugsamgöngum.
6.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög flutt af íslenskum tónlistarmönnum.
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Bergljót Haraldsdóttir.

## 98·9 BYLGJAN

9.00 **Haraldur Gíslason.** Hlustendur vaktir með ljúfum tónum og **Halli** spilar örugglega óskalagið þitt. 19.00 **Snjólfur Teitsson.** Sérvalin tónlist.
20.00 **Pia Hanson.** Þá er vinnuvikan framundan og stressið en Pia Hanson undirbýr ykkur með góðri tónlist.
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** **Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.**

## Stjarnan

7.00 **Stefán Baxter.** „Ó–þunnur".
15.00 **Felix Bergsson.**
18.00 **Klemens Árnason.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00 **Páll Sævar Guðnason.**

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **MS.**
14.00 **IR.**
16.00 **MK.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **FB.**
22.00 **Neðanjarðargöngin.**
1.00 **Dagskrárlok.**

## SKY One

5.00 **The Hour of Power.** Trúarþáttur
6.00 **Gríniðjan.** Barnaefni.
10.00 **50 vinsælustu.** Poppþáttur.
11.00 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
12.00 **That's Incredible.** Fræðslumynd.
13.00 **Fjölbragðaglíma (Wrestling).**
14.00 **The Incredible Hulk.** Spennumyndaflokkur
15.00 **Emergency.** Framhaldsmyndaflokkur.
16.00 **Eight is Enough.** Framhaldsmyndaflokkur.
17.00 **Family Ties.** Gamanþáttur.
18.00 **21 Jump Street.** Spennumynda flokkur.
19.00 **The Jericho Mile.** Kvikmynd.
21.00 **Entertainment This Week.** Fréttir úr skemmtanaiðnaðinum.
22.00 **Fréttir.**
22.30 **The Paper Chase.** Framhaldssería.
23.30 **Poppþáttur.**

## SKY MOVIES

13.00 **Project X.**
15.00 **The Man With One Red Shoe.**
17.00 **The Purple Rose of Cairo.**
19.00 **The Pick-Up Artist.**
21.00 **The Honorary Consul.**
22.45 **Mona Lisa.**
00.30 **The Supergrass.**
03.00 **Gorky Park.**

## EUROSPORT

9.00 **Hjólreiðar.** Það helsta úr Nissan Classic sem fram fór á Írlandi.
10.00 **Golf.** The German Masters, leikið í Stuttgart.
12.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Sviss.
15.00 **Trans World Sport.** Fréttatengd ur íþróttaþáttur.
16.00 **Lyftingar.** Heimsmeistarakeppnin í Grikklandi.
17.00 **Kappakstur.** Keppni í Ástralíu.
18.00 **Hjólreiðar.** Keppni í Frakklandi.
19.00 **Golf.** The German Masters, leikið í Stuttgart.
21.00 **Tennis.** Keppni atvinnumanna innanhúss í Sviss.
23.00 **Knattspyrna.** Rússneska deildin.

## SUPER CHANNEL

5.00 **Teiknimyndir.**
10.00 **Evrópulistinn.** Poppþáttur.
11.00 **Tiskuþáttur.**
11.30 **Today's World.** Fréttaþáttur.
12.00 **Trúarþáttur.**
12.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Off the Wall.** Rokkþáttur.
14.45 **Tónlist og tíska.**
15.30 **Snóker.**
16.30 **Veröldin á morgun.**
17.00 **European Business Weekly.** Viðskiptaþáttur.
17.30 **Roving Report. Fréttaskýringaþáttur**
18.00 **Viðskiptaþátur.**
18.30 **The Lloyd Bridges Show.** Sakamálamyndaflokkur.
19.00 **Breski vinsældalistinn.**
20.00 **Broken Promise.** Kvikmynd.
21.30 **Music Night.** Konsertar, ný myndbönd o.fl.

---

### Rás 1 kl. 13.00:

## Hádegisstund í útvarpshúsinu



Ævar Kjartansson, umsjónarmaður Hádegisstundarinnar.

Á sunnudögum í vetur mun Ævar Kjartansson taka á móti gestum í leiklistarstúdíói Útvarpsins við Efstaleiti. Tónlistarfólk, leikarar og skáld koma í beina útsendingu og gefa hlustendum sýnishorn af því sem þau eru að fást við. Þótt aðaláherslan verði lögð á flutning tals og tóna í beinni útsendingu gefst einnig færi á að kynnast listafólkinu í spjalli. Jón Örn Marinósson mun auka á eða draga úr hátíðleika stundarinnar með stuttri hugvekju.

Af hálfu útvarpsins er lögð áhersla á að Hádegisstundin gefi vandaða hljóðmynd af list og listafólki.

### Stöð 2 kl. 17.50:

## Kettir og húsbændur

Allir eigendur katta ættu að setjast fyrir framan sjónvarpið í dag. Þeir eru ekki svo margir sjónvarpsþættirnir sem hafa að geyma sögu kattarins, sem er kannski ekki síður merkileg en saga mannsins.

Í Kettir og húsbændur kemur meðal annars fram að það var fyrir meira en þúsund árum að mannskepnan gat vanið kisu á að vera í híbýlum sínum. Þátturinn er þýskur og er að sjálfsögðu fjallað um germanska ketti sem taldir eru vera 3,6 milljónir í Vestur-Þýskalandi.

Þema þáttarins fyrir utan allan fróðleikinn er samband manns og kattar sem getur verið flókið, að minnsta kosti finnst manninum það, þótt köturinn „hugsi" lítið um slíkt.

Og það er aldrei að vita nema sjónvarpsáhorfandinn komist að hvernig stendur á því að kötturinn hefur níu líf. Vitið þið, svo dæmi sé tekið, að kettir yfirgáfu alltaf hús nokkrum mínútum áður en sprengjuárás var gerð á borgir í seinni heimsstyrjöldinni. -HK



Leikarar og annað starfsfólk Leikfélags Reykjavíkur marséraði frá gamla Iðnó að Borgarleikhúsinu, klætt leikbúningum.

### Sjónvarp kl. 22.30:

## Leikfélagið kveður Iðnó

Sunnudagurinn 3. september var stór dagur í sögu Leikfélags Reykjavíkur. Eftir áratugalanga bið gátu leikarar L.R. loks safnast saman, tekið niður merki leikfélagsins á gamla Iðnó og borið það í skrúðgöngu upp í hið nýja og glæsilega Borgarleikhús. Við hátíðlega athöfn í hinum nýju húsakynnum afhenti borgarstjórinn í Reykjavík, Davíð Oddsson, Hallmari Sigurðssyni lyklavöldin að Borgarleikhúsinu, Leikfélagi Reykjavíkur til varðveislu og umráða.

Illugi Jökulsson fylgdist með leikhópi L.R. á þessum merku tímamótum, rifjaði upp helstu þætti í sögu félagsins og ræddi við ýmsa velunnara þess. Dagskrárgerðin var í höndum Þorgeirs Gunnarssonar.

### Sjónvarp kl. 20.40:

## Kvenskörungur í Kentucky

Kvenskörungur í Kentucky (Bluegrass) er hátt í fjögurra tíma kvikmynd sem skipt verður á tvo sunnudaga. Gerist myndin eins og nafnið bendir til í Kentucky og segir frá konu einni, Maude Sage Breen, sem nýlega er orðin ekkja. Hún kaupir búgarð og hyggst hefja hrossarækt, en í Kentucky stendur ræktun kappreiðahesta fremst. Hrossabændur í sveitinni eru ekki mikið hrifnir af framtaki hennar og reyna allt til að koma henni á kaldan klaka. Það virðist ætla að takast, en með hjálp hjúa sinna tekst henni að yfirstíga flesta erfiðleika. Það eru helst persónuleg vandamál sem hún finnur ekki lausn á fyrr en í lokin.

Aðalhlutverkið leikur Cheryl Ladd sem er alvön að leika í rómantískum kvikmyndum á borð við þessa. Með henni eru þekktir karakterleikarar á borð við Mickey Rooney, Wayne Rogers og Anthony Andrews.